

Mál nr. 139/2018**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um réttmæti kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.****Gögn.**

Málskot móttakið 11.5.2018 ásamt fylgigögnum 1-10.
Bréf V, dags. 16.5.2018.

Málsatvik.

M gerir kröfu krafa í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra eignarinnar A. Lokaúttektarvottorð fyrir eignina var gefið út þann 15. apríl 2016. Gallar á eigninni komu smám saman fram á árunum 2011 – 2016. Samkvæmt byggingarsögu hússins var húsið byggt á árunum 2005-2006. Húsið fékk skráningu á byggingarstig 7, þ.e. fullgerð eign, þann 6. desember 2006. Það liðu því ríflega 11 ár frá því að eignin var talin fullgerð þar til krafa M var sett fram. Samkvæmt 8. gr váttryggingarskilmála V og 8. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal byggingarstjóri hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Það skilyrði er uppfyllt. Trygging byggingarstjóra er því í gildi þar til fimm ár eru liðin frá því að lokaúttektarvottorð var gefið út, eða allt til ársins 2021.

Álit.

Ágreiningur máls þessa lýtur m.a. að því hvort krafa M sé fyrnd, eður ei. V byggir á því í sínum málatilbúnaði að krafa M sé fyrnd með vísan til 2. mgr. 4. gr. þágildandi fyrningarlaga nr. 14/1905 sem eiga við í þessu tilviki. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, m.a. með vísan til nýfallins hæstaréttardóms nr. 571/2016, er ljóst að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark þegar hin umrædda framkvæmd, sem um er deilt, var unnin. Af skráningu hússins á byggingarstig 7 verður ráðið að hið umþrætta verk hafi í síðasta lagi verið unnið þann 6. desember 2006. Af þeim sökum eru liðin a.m.k. 10 ár frá því að hin umþrætta krafa M stofnaðist.

Af þeim sökum verður því að líta svo á, með vísun til 2. mgr. 4. gr. eldri fyrningarlaga nr. 14/1905, að krafa M í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V, sé fyrnd. Það er ljóst að þó trygging byggingarstjóra sé enn í gildi, eins og lög og skilmálar kveða á um, þá bætir tryggingin ekki kröfur sem teljast fyrndar samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga í tilvikum eins og þessu, þar sem V ber fyrir sig fyrningu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík 15. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.